



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 25. febrúar 2013, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinum voru mættir: Vilhelm Harðarson, Sverný H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgjar Sigurðarson, Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi og Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Framkvæmdaleyfi fyrir dreifikerfi hitaveitu:

Fyrir fundinum lá bréf RARIK dags. 23. febrúar 2013 þar sem sótt framkvæmdaleyfi til Sveitarfélagsins Skagastrandar til að leggja dreifikerfi hitaveitu um þéttbýlið á Skagaströnd. Jafnframt var sótt um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnlagnar hitaveitunnar frá Hrafná að dæluhúsi við Sólarveg. Í bréfinu kemur einnig fram að samhliða lagningu hitaveitulagna verða lagðar ljósleiðaralagnir um Skagaströnd á árinu 2013.

Meðfylgjandi voru teikningar af dreifikerfi hitaveitunnar um Skagaströnd, ljósleiðaralögnum með hitaveitulögnunum ásamt staðsetningu dælustöðvar fyrir hitaveituna inn í kaптúnið. Lagnaleið hefur verið kynnt í frumdrögum fyrir bæjarbúum í janúar og febrúar 2012.

Fyrir fundinum lá einnig niðurstaða Skipulagsstofnunar um ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þar sem segir m.a. um áhrif á menningarminjar: „*Fram kemur að fornminjar hafi verið kannaðar á framkvæmdasvæðinu og í kjölfarið hafi legu þáttunnar verið hnikað til eftir föngum og tillit tekið til þeirra fornminja sem skráðar séu. Ekki sé talið að lagning heitavatnspípunnar muni hafa áhrif á fornminjar nema á garðlag vestan Skagavegar, vestur af bæ á Eyjarkoti.*“

Skipulagsnefnd yfirfór fyrirbyggjandi gögn og bar legu dreifikerfis saman við gildandi aðalskipulag. Niðurstaða þeirrar skoðunar var að lega dreifikerfisins bryti ekki í bága við aðalskipulagið.

Skipulagsnefnd samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu dreifikerfisins og stofnlagnarinnar.

2. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi.

Fyrir fundinum lá tillaga að lóð fyrir dælustöð hitaveitu sem RARIK hyggst leggja sbr. 1. lið. Lóðin er austan Sólarvegar við gatnamót hans og Vallarbrautar. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin á opnu svæði til sérstakra nota og því þarf að gera breytingu á aðalskipulagi svo hægt sé að samþykkja byggingu á lóðinni.

Skipulagsnefnd gerði svohljóðandi bókun:

Skipulagsnefnd leggur til að gerð verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022, skv. 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagt er til að svæðið undir lóðinni verði skilgreint sem Iðnaðarsvæði.

Í framhaldi verði lätin fara fram grenndarkynning skv. 1.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem sótt er um byggingar- og framkvæmdaleyfi vegna stakra framkvæmda þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.



3. Staðfesting lóðamarka.

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af lóðum á reitnum milli Sólarveggar og Suðurveggar. Fundarmenn yfirfóru uppdrættina en síðan voru eftirtalin lóðamörk staðfest skv. þeim gögnum sem lágu fyrir.

- Sólarvegur nr. 14, 16 og óbyggðar lóðir nr.(18-24)
- Sunnuvegur nr. 1-11

4. Framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar:

Fyrir fundinum lá umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins vegna endurbyggingar Skagavegar (745). Um er að ræða kaflann frá Skagastrandarvegi og um 3680 m til norðurs. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði endurbyggður í 6,5 m breidd og lagður bundnu slitlagi en veglína muni fylgja núverandi veglínu á framkvæmdakafli. Gert er ráð fyrir að frakvæmdir hefjist nú í vor og ljúki í september 2013.

Meðfylgjandi erindinu var loftmynd sem sýnir umræddan vegakafli og legu hans. Skipulagsnefnd samþykkti að veita framkvæmdaleyfið.

5. Mál til kynningar frá byggingarfulltrúa.

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar samantekt um hönnunarkröfur fyrir þau hús sem sett verði upp ný hitakerfi vegna hitaveituvæðingar. Hann gerð einnig grein fyrir því að hann hafi samþykkt klæðningu með MEG plastkjarnaplötum á norðausturhlið Hólabrautar 30 og hafi veitt stöðuleyfi fyrir geymslugám við Einbúastíg 1. Framangreind mál voru rædd en ekki gerðar athugasemdir eða bókanir vegna þeirra.

6. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17²⁵

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Björn Hallbjörnsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson,

Bragi Þór Haraldsson,

Hafsteinn Pálsson.